



500. fundur Þingvallanefndar

22. febrúar 2023 kl 11.30

Skrifstofa Þingvallanefndar, Austurstræti 12.

Mætt: Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir varaformaður, Guðrún Hafsteinsdóttir, Berglind Ósk Guðmundsdóttir Oddný G. Harðardóttir og Tómas A. Tómasson og Einar Á.E.Sæmundsen Þjóðgarðsvörður sem ritar fundargerð.

Vilhjálmur Árnason formaður, Andrés Ingi Jónsson og Orri Páll Jóhannsson tilkynntu forföll.

Hafdís Hrönn setur fund og stýrir:

Dagskrá:

1. Framlenging samnings við Verkís vegna innheimtukerfis á bílastæðum. Þjóðgarðgarðsvörður fer yfir samstarf við Verkís vegna innheimtu gjalda á bílastæðum sem hefur verið síðustu þrjú árin og kynnir framhald samnings til eins árs. Þingvallanefnd gerir ekki athugasemd við framhald samnings.
2. Þjóðgarðsvörður fer yfir almenna starfsemi þjóðgarðsins, áskoranir i vetur og þær sem framundan eru á þessu ári.
Fjallað um áskoranir í starfseminni undanfarið ár. Mikill snjór og ófærð hefur haft regluleg áhrif á starfsemina með veglokunum og röskunum. Þrátt fyrir það hefur fjöldi ferðamanna verið mjög mikill og jafn síðan í haust. Samstarf þjóðgarðsins við HSU um sjúkraflutninga er mjög gott og hefur það reglulega sannað sig. Undirbúningur fyrir sumarið er hafinn en búist er við mjög miklum fjölda gesta og er sérstaklega verið að huga að bættri umferðarstjórnun og breytingum á bílastæðum.
Þjóðgarðsvörður kynnti mismunandi verkefni er lúta að vöktun Þingvallavatns og ráðstefnu sem fyrirhugað er að halda málþing um lífríki Þingvallavatns 15.apríl. Kynnt erindi frá Jóhannesi Sturlaugssyni um vöktun urriðans en ekki tekin afstaða til þess á þessum fundi.

Önnur mál.

Ekki fleira rætt og fundi slitið